



22120137



**ICELANDIC A1 – HIGHER LEVEL – PAPER 1**  
**ISLANDAIS A1 – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1**  
**ISLANDÉS A1 – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1**

Thursday 10 May 2012 (morning)

Jeudi 10 mai 2012 (matin)

Jueves 10 de mayo de 2012 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

---

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only.
- The maximum mark for this examination paper is *[25 marks]*.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[25 points]*.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[25 puntos]*.

Fjallaðu um **annan** af eftirfarandi textum.

1.

Þarna situr hún. Ég sé hana varla nema beygja mig fram í sætinu. Hún horfir beint fram og ljósa hárið flæðir frjálst og lifandi niður á axlir. Mér kemur í hug fossúði þegar ég sé hvað það stingur í stúf við dökk jakkafötin! Þeir eru báðir herðabreiðir og með stóran brjóstkassa og loka hana inni á milli sín eins og gjáveggir líkt og þeir óttuðust að hún mundi ella flæða burt ...  
 5 eða jafnvel fljúga úr greipum þeirra. Og kannski er ótti þeirra ekki að ófyrirsynju. Ekki einasta hefur hún lagt undir sig báðar armbríkurnar svo að þeir, þessir fyrirferðarmiklu karlmenn, verða að sitja með hendur í skauti heldur styður hún olnbogunum á bríkurnar og grannir framhandleggirnir lyftast upp eins og vængir, fingurnir sperrtir eins og hún sé í raun og veru að hefja sig til flugs. Bak við þessa þokkafullu fljúgandi handleggi sér í bláhvíta móðu himingeimsins. Það er engu  
 10 líkara en hún hafi óendanlegt rými. Hún er fugl í þann veginn að sprengja af sér þetta fljúgandi farartæki og svífa út í firðina. Hver nær til hennar?

Ég veit að það er örmjó rönd á hægri úlnliðnum eftir úrið þó að ég sjái hana ekki héðan. Nema hún hafi dofnað að fullu. Hún fleygði úrinu sínu. Já, gullúrinu með kristölunum sem við gáfum henni í afmælisgjöf. Tímann ber maður ekki utan á sér, sagði hún og mér brá svo mikið  
 15 að ég hafði ekki rænu á að spyrja hana hvað hún hefði gert við úrið. Hélt í fyrstu að hún hefði sturtað því niður í klósettið en það gat auðvitað ekki verið því að þeir tóku allt af henni áður en þeir lokuðu hana inni. Úrið mælir gervitíma og truflar púlsæðina og mína eigin hrynjandi. Já, ég er bara að hafa eftir það sem hún sagði. Tíminn er innra með manni, sagði hún, og hann streymir þar háttbundið eins og blóð. Hlusti maður á tímastreymið innra með sér verður aldrei neitt of snemma  
 20 eða of seint. Allt verður samræmi og kemur af sjálfu sér. Ég gerði heldur ekkert veður út af úrinu seinna. Auðvitað veit ég að það var dýrt en bæði er að við höfum nú aldrei þurft að hafa áhyggjur af peningum og svo var þetta allt annars eðlis. Ekki þetta venjulega kæruleysi sem skapraunaði okkur svo oft af því að hún virtist ekki kunna að meta það sem við gáfum henni eða gerðum fyrir hana. Mér fór líka að finnast það einhvern veginn rökrétt að hún skyldi fleygja úrinu.  
 25 Þess vegna get ég ekki sagt þér með fullri vissu hvenær þetta byrjaði. Ég veit bara að á þeirri stundu stansaði gervítíminn.

Svava Jakobsdóttir, *Gunnlaðar saga* (1987)

2.

**Grettisbæli**

- Ég stari út yfir storð<sup>1</sup> og mar;  
 á steini eg sit, þar sem byrgið var,  
 og hallast að hrundum þústum.  
 Ég lít í kring yfir kot og sel,  
 5 yfir kroppaðar þúfur, blásinn mel,  
 og feðra frægðina' í rústum.
- Og hálfgleymdar sagnir í huga mér  
 hvarfla um það, sem liðið er,  
 og manninn, sem hlóð þetta hreysi.  
 10 Mér er sem ég sjái hið breiða bak  
 bogna og reisa heljartak  
 í útlegð og auðnuleysi.
- En einkum er mér sem ég heyri hljóm  
 af hreinum og djúpum karlmannsróm  
 15 í dýrri og dulri bögu.  
 Þau orð og þau svör, – þeim ann ég mest,  
 öflug og köld – þau virði ég bezt  
 í Grettis göfugu sögu.
- Hann ætíð var gæfunnar olnbogabarn,  
 20 úthýstur, flæmdur um skóg og hjarn,  
 en mótlæti mannvitið skapar.  
 Það kennir, að réttur er ranglæti, er vann, –  
 og reyndi það nokkur glöggvar en hann,  
 að sekur er sá einn, – sem tapar?
- 25 Hans lund var blendin og bitur hans hjör<sup>2</sup>,  
 og beisk voru líka öll hans kjör,  
 því er hann nú góður genginn.  
 En áður en skráð var hans æviskeið,  
 áður en fjörbaugsmaninn<sup>3</sup> leið,  
 30 þá unni' honum fár – eða enginn.

Einar Benediktsson, *Sögur og kvæði* (1897)

---

<sup>1</sup> storð: jörð<sup>2</sup> hjör: sverð<sup>3</sup> fjörbaugsmaður: maður sem dæmdur er til að fara úr landi í þrjá vetur